


Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Úthlutunartímabil 2017-2018

# Íslensk menning og náttúra á íslensku táknmáli

Lokaskýrsla UMS-95



Kristín Lena Þorvaldsdóttir/

Vilborg Friðriksdóttir

## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs UMS-95

Þróunarverkefni í móðurmálskennslu barna, sem tala íslenskt tákmal (ÍTM), byggt á Íslandsbók barnanna eftir Margréti Tryggvadóttur með teikningum Lindu Ólafsdóttur.

### Markmið verkefnis og notendur

Meginmarkmið verkefnisins eru að kynna döff börn (heyrnarlaus, tákmalstalandi börn) fyrir Íslandi, íslenskri náttúru og menningu, þekkingu á uppbyggingu ÍTM og þróa táknaforða á ÍTM í tengslum við viðfangefni bókarinnar. Tákmalstalandi börn í Holtaskóla í Reykjanesbæ sækja móðurmálskennslu á Samskiptamiðstöð og mun verkefnið verða notað til þess að þróa á kennsluáferðir til móðurmálskennslu á ÍTM og til þess að efla móðurmál nemendanna. Hópur tákmalstalandi barna í Hlíðaskóla í Reykjavík getur nýtt sér verkefnið auk annarra barna sem tala ÍTM í öðrum grunnskólum og sömuleiðis í elstu hópum leikskóla.

### Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Útbúin var rafbók af Íslandsbók barnanna á formi *iBook*. Með rafbókinni fylgja spurningahefti og kennsluleiðbeiningar ásamt verkefnum. Í rafbókinni er myndefni úr bókinni, þýðing á texta bókarinnar á ÍTM ásamt orðskýringum. Mikið er af myndböndum í bókinni. Henni er því skipt í tvo hluta til þess að hún keyri betur í spjaldtölvum. Spurningar úr efni bókarinnar eru í sérstöku spurningahefti og eru þær bæði á ÍTM og íslensku. Einnig hafa verið útbúin verkefni og kennsluleiðbeiningar fyrir kennara með bókinni sem eru á pdf formi. Á meðan vinnslu bókarinnar stóð voru ÍTM þýðingar úr bókinni notaðar í tilraunakennslu í móðurmálskennslu barna á Samskiptamiðstöð. Börnin horfðu á textabrot og ræddu sín á milli og með kennurum. Þau unnu saman að því að leysa spurningar og verkefni sem kennarinn lagði fyrir. Metið var hvaða spurningar og verkefni vöktu áhuga barnanna og hvaða verkefni hentuðu síður. Þannig voru spurningar og verkefni metin, aðlöguð og valin í bókina. Spurningar frá börnunum og hugmyndir þeirra höfðu sömuleiðis áhrif á lokaútkomu spurningaheftisins.

### Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið tók lengri tíma en áætlað hafði verið. Sótt var um frest á lokaskilum verkefnisins sem var fúslega veittur.

Spurningar og verkefni voru að mestu leyti unnin af kennara. Frumvinna við verkefni og spurningum var unnin áður en haustönnin hófst og þá var sömuleiðis búið að þýða nokkra kafla bókarinnar yfir á ÍTM. Þetta efni notuðu kennarar til tilraunakennslu. Myndböndin sem voru tilbúin voru notuð til kennslu og spurningarnar og verkefnin voru unnin áfram með börnunum. Í gegnum þá vinnu varð ljóst að verkefnin krefjast leiðsagnar frá kennara en börnin geta unnið spurningarnar sjálfstætt. Það var því ákveðið að spurningarnar, þýddar á ÍTM, fylgdu bókinni en verkefnin yrðu sett fram í sérstöku verkefnahefti. Verkefni og kennsluleiðbeiningar eru því saman í skjali og miða við að kennarar noti bókina til móðurmálskennslu í ÍTM. Verkefnin eru sett fram sem hugmyndir fyrir kennara til þess að tengja efni bókarinnar og táknaforða með mismunandi nálgunum og eru því ekki þýdd yfir á ÍTM að svo stöddu. Enn kemur þó til greina að þýða verkefnin yfir á ÍTM í heild eða að hluta til þegar meiri reynsla er komin á notkun þeirra og fyrirséð hvaða verkefni þarf að þýða.

## **Helstu hindranir sem komu upp við vinnslu verkefnisins**

Ósk okkar var að geta notað myndefni og útlit bókarinnar við gerð rafrænnar útgáfu á ÍTM til að auðvelda tengingu bókar og þýðingar. Sótt var um leyfi frá útgáfufyrirtæki bókarinnar til þess að fá að nota útlitið. Það dróst lengi að fá leyfið. Samsetning bókarinnar var komin vel á veg án þess að útlit bókarinnar væri notað þegar leyfi útgáfunnar fékkst. Þá var horfið aftur til upprunalegrar hugmyndar um rafróbókina. Þetta tafði tæknivinnuna talsvert.

Sökum veikinda starfsmanna dróst framvinda verkefnisins. Tæknimaður sem sá um myndvinnslu og samsetningu rafróbókarinnar lét af störfum, finna þurfti nýjar lausnir og dreifa verkefninu á fleiri aðila innan verkefnisins. Það kostaði meiri útsjónarsemi og tók lengri tíma þar sem aðrir starfsmenn þurftu að setja sig inn í fleiri þætti verkefnisins og læra nýjar aðferðir til að láta rafróbókina verða að veruleika.

## **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið**

Nú er til efni um Ísland, menningu þess og náttúru á ÍTM sem áður var ekki til. Efnið verður hægt að nota með döff grunnskólabörnum til dæmis þeim sem koma einu sinni í viku í *Gaman saman* á Samskiptamiðstöð, í móðurmálkennslu barna frá Holtaskóla og á fjölskyldunámskeiðum hvort sem það er með döff börnunum, heyrandi systkinum þeirra og/eða með foreldrum. Kennarar elstu barna í leikskóla geta tekið við efninu tilbúnu og nýtt í sínu starfi. Bókinni verður dreift til barna í mars. Þau geta því einnig nýtt bókina og spurningarnar heima, sjálf og með fjölskyldum sínum og með því eflt samtal á ÍTM á heimilinu. Börnin sem komu á Samskiptamiðstöð í *Gaman saman* og nemendur frá Holtaskóla hafa sýnt efninu mikinn áhuga og drukkið það í sig. Þau spyrja spurninga, vinna verkefni, ræða sín á milli og segja sögur af eigin upplifunum. Vinnan með börnunum hefur ýtt undir rökhugsun og rökræður sem og undir ímyndunarafli þeirra og sköpun.

Nýyrði urðu til út frá þýðingu bókarinnar, sérstaklega í tengslum við dýr og örnefni. Þessi nýyrði fara bæði inn í leik- og grunnskóla og nýtast þar með í öðrum fögum og verkefnum. Hingað til hafa íslensku orðin sem um ræðir verið fingrastöfuð og því ekki verið hluti af táknaforða ÍTM. Vegna vinnu við þýðingu á Íslandsbók barnanna er ÍTM orðið ríkara.

## **Mat á verkefninu**

Verkefnið tókst mjög vel í heild sinni þrátt fyrir frávík. Mat kennara sem notuðu efnið í tilraunakennslu er að efnið nýtist mjög vel. Þýðingin er unnin fagmannlega, verkefni eru hnitmiðuð og út frá umræðuefninu í hverjum kafla fyrir sig. Spurningar og verkefni eru misþung og verkefni voru þróuð út frá þörfum barnanna með tilliti til menningu þeirra. Börnin geta því valið verkefni við hæfi og sem þau ráða við. Spurningarnar krefjast þess að börnin rýni meira í textann sem ýtir enn frekar undir málþróun þeirra. Með þessu stóðust þær áætlanir sem lagt var upp með í upphafi verkefnisins. Mat barnanna er að viðfangsefnið sé áhugavert og að þau hafi tileinkað sér nýjar upplýsingar á ÍTM. Mat starfsmanna sem að verkefninu komu er að vinnan hafi verið mjög krefjandi og hafi kostað útsjónarsemi við lausn mála sem upp komu. Teymið er mjög ánægt með útgáfu Íslandsbókar barnanna á ÍTM.

## **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins**


Kennurum frá Hlíðaskóla og Sólborg mun verða boðið á kynningu á rafróbókinni, spurningahefti og kennsluleiðbeiningum. Kynningarnar munu fara fram á vordögum og stefnt

er að því að koma inn á starfsdegi skólanna á vordögum. Foreldrum heyrnarlausra barna verður einnig boðið á kynningarfund á Samskiptamiðstöð. Börnunum fá eintak af rafbókinni í eigin spjaldtölvu í byrjun mars við komu á Samskiptamiðstöð. Nú þegar hefur verkefnið verið kynnt fyrir höfundum Íslandsbókar barnanna og útgáfufyrirtæki hennar. Snemma haustið 2017 var verkefnið stuttlega kynnt fyrir kennurum Holtaskóla, Hlíðaskóla og leikskólans Sólborgar, sem hafa fylgt börnunum í Gaman saman og í móðurmálskennslu. Einnig hefur verkefnið verið kynnt fyrir foreldrum döff barna sem sækja fjölskyldunámskeið á Samskiptamiðstöð.

## Verkefnið í framkvæmd og niðurstöður

Þó ýmislegt hafi komið uppá við vinnslu verkefnisins héldu starfsmenn þess ótrauðir áfram við að láta rafbókina verða að veruleika. Nemendur hafa verið mjög áhugasamir um efni vetrarins sem mest megnis hefur verið helgað Íslandsbók barnanna. Áhugi barnanna, hugmyndir og augljós ávinningur þeirra af verkefninu hvatti starfshópinn áfram.

Þegar stóð á svörum frá útgáfufyrirtæki bókarinnar um notkun myndefnis vann hópurinn að því að þróa nýja hugmynd að útliti rafbókarinnar. Sú hugmyndavinna skilaði skemmtilegum útfærslum sem nota má síðar. Upp úr miðjum desember fékkst vilyrði frá útgáfufyrirtækinu sem lét okkur í té allt myndefni bókarinnar.



Hér fyrir ofan má sjá fyrstu útgáfu af kaflanum um Landvættirnar. Fyrir neðan er lokaútgáfa af sömu opnu.



Lokaútgáfa rafbókarinnar er í 4 hlutum. Bókinni sjálfri er skipt upp í fyrri og seinni hluta, þriðji hlutinn er spurningahefti og fjórði hlutinn eru kennsluleiðbeiningar og verkefni. Mörg myndbönd eru í hverjum hluta þar sem um er að ræða þýðingar á öllum texta



bókarinnar auk orðskýringa. Orðskýringar voru gerðar fyrir orð sem valin voru úr textanum og skýrð á ÍTM. Tvær til fimm spurningar voru útbúnar út frá efni textans og eru þær samtals 156. Þar sem um mikið gagnamagn er að ræða kom best út að skipta bókinni upp til að rafbókin virki nægilega vel á spjaldtölvum barnanna.

Kennsla táknmálstalandi barnanna sem sækja Gaman saman annars vegar og nemenda Holtaskóla hins vegar hefur mestu leyti tekið mið af þessu verkefni í vetur. Íslandsbók barnanna hefur gefið kennurunum tæki til að kynna Ísland og auka orðaforða barnanna á sama tíma, bæði í íslensku og á ÍTM. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá kennara vinna með spurningar úr kaflanum Vetrarríki og nota þau ýmis gögn og hjálpartæki til að skýra svörin fyrir nemendum þegar þess þarf. Áfram verður unnið með bókina í móðurmálskennslu á Samskiptamiðstöð.



Til gamans má bæta við að þann 15. nóvember komu höfundar bókarinnar þær Margrét Tryggvadóttir rithöfundur og Linda Ólafsdóttir myndskreytir í heimsókn í Gaman saman. Þær sögðu frá því hvernig orð og myndir bókarinnar urðu til við mikla hrifningu barna og fullorðinna. Með heimsókn þeirra kynntust börnin ekki aðeins hvernig Íslandsbók barnanna varð til heldur einnig hugmyndavinnunni á bakvið hana. Þannig fengu þau að kynnast því hvernig ferlið er að koma hugmynd yfir í verk.





Í Gaman saman hefur ýmislegt verið brallað tengslum við efni bókarinnar. Í tímanum þegar rætt var um kafla, sem heitir Eldfjallaeyjan, voru nemendur mjög áhugasamir um flekakenninguna, eldgos og berg á Íslandi. Sumir nemendur voru fróðari en aðrir um efnið og deildu þeir þekkingu sinni með hinum nemendum. Miklar og skemmtilegar umræður spruttu út frá efninu og var þeim tíma lokið með eldgosi.

Þegar táknmálskennari nemendanna í Holtaskóla tók fyrir kaflann um norðurljós í fengu nemendurnir að spreyta sig í myndlist. Hér til hliðar má sjá myndir af norðurljósum teiknuðum með krít og sýna þær mismunandi liti norðurljósa eftir hæð.



Verkefnið sem útbúin voru með bókinni eru af ýmsu tagi, allt frá umræðum inni í kennslustofu til vettvangsferða. Hafa ÍTMnemendur Holtaskóla þegar farið í tvær vettvangsferðir. Í annari þeirra var farið á Náttúrustofu Kópavogsbæjar þar sem fuglar og steinar voru skoðaðir í samræmi við efni Íslandsbókar barnanna. Eftir að hafa fjallað um hella var kjörið tækifæri til að halda saman í ævintýraferð. Í desember heimsótti hópurinn hellinn Leiðarenda sem staðsettur er í um 24 km fjarlægð frá Reykjavík. Nemendurnir lærðu því ekki aðeins af bók og kennara sínum heldur einnig af eigin reynslu og upplifun af mikilfengleika náttúrunnar á eigin skinni.



Áfram verður unnið með Íslandsbók barnanna með börnunum í Gaman saman og í móðurmálskennslu táknmálstalandi nemenda Holtaskóla. Bókinni verður haldið lifandi með áframhaldandi þróun á verkefnum með börnunum til að þau upplifi Ísland og allt sem það hefur uppá að bjóða á sem fjölbreyttastan hátt á sama tíma og þau öðlast ríkari táknaförða. Börnin fá tækifæri til að tjá sig um efnið því þannig festast ný tákni í minni, máltilfinning

þeirra styrkist og þannig verður mál barnanna ríkara. Vonumst við til að leikskólinn Sólborg nýti sér bókina við starf með elstu börnum leikskólans og Hlíðaskóli í skólastarfi sínu. Nú er til efni um Ísland á ÍTM sem nýtist áfram í starfi þegar ný börn hefja skólagöngu sína, ekki aðeins til að auka táknaforða sinn heldur einnig til að kynnst landinu sem þau búa í, náttúru þess og menningu og auðlast þannig færni í tjáskiptum sem snýr að þessum þáttum.